

STJÓRNARTÍÐINDI A 23 – 1995

4. október 1995

667

Nr. 113

AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993,
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 2. október 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

6. mgr. 19 gr. orðist svo:

Háskólaráð skal hverju sinni skipa dómnefnd þriggja manna til að dæma um hæfi lektors eða dósentis til að hljóta stöðuhækkun. Deild eða námsbraut tilnefnir formann nefndarinnar og skal hann vera viðurkenndur sérfræðingur á fræðasviði umsækjanda. Menntamálaráðherra og háskólaráð tilnefna hvort um sig tvo menn til starfa í dómnefndum um framgang til tveggja ára í senn. Úr hópi þeirra skipar háskólaráð einn mann tilnefndan af menntamálaráðherra og annan tilnefndan af háskólaráði til að taka sæti í dómnefnd hverju sinni. Annar þeirra skal vera af því fræðasviði innan hópsins sem næst er talið standa sviði umsækjanda. Allir dómnefndarmenn skulu vera hæfir til prófessorsembættis. Dómnefnd skal ljúka störfum innan tveggja mánaða frá skipun. Henni er heimilt að leita umsagnar sérfræðinga um vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda og hún skal leita mats deildar á störfum hans að kennslu og stjórnun. Við mat á hæfi dósentis til stöðuhækkunar skal dómnefnd afla umsagna frá innlendum sérfræðingum um rannsóknir umsækjanda og erlendum sérfræðingum ef tök eru á. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um hvort af störfum kennarans við háskólann og af fyrra ferli hans megi ráða að hann sé hæfur til að gegna umræddri stöðu.

2. gr.

1. mgr. 90. gr. orðist svo:

Viðskipta- og hagfræðideild veitir kennslu í viðskiptafræðum og hagfræði. Deildin veitir kennslu í viðskiptafræðum til cand. oecon. prófs og miðast skipan námsins við að það taki fjögur ár. Deildin veitir kennslu til B.S. prófs í hagfræði, B.S. prófs í viðskiptafræðum og B.A. prófs í hagfræði og skyldum greinum. Skipan B.S. og B.A. námsins miðast við að námstími sé þrjú ár. Námið er vegið í einingum (e) og skal ársnám talið 30 e. Til cand. oecon. prófs er krafist 120 e en til B.S. prófs og B.A. prófs 90 e. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S. prófs í hagfræði og M.S. prófs í viðskiptafræðum. Einnig getur deildin skipulagt framhaldsnám til doktorsprófs í hagfræði annars vegar og í viðskiptafræðum hins vegar samkvæmt nánari reglum sem hún setur og háskólaráð samþykkir.

Gutenberg

3. gr.

92. gr. orðist svo:

Prófgreinar í fyrri hluta náms til cand. oecon. prófs í viðskiptafræðum eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni, lögfræði, markaðsfræði, framleiðsla, fjármál og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 60 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms til B.S. prófs í viðskiptafræðum eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 30 e.

Prófgreinar í fyrri hluta náms til B.S. prófs og B.A. prófs í hagfræði eru hagfræði, stærðfræði, tölfræði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 30 e.

Kennslu í fyrri hluta skal haga þannig að farið sé yfir allt námsefni árlega og unnt sé að ljúka prófi í fyrri hluta náms til cand. oecon. prófs á tveimur árum og á einu ári til B.S. og B.A. prófs. Stúdent telst hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, hafi hann hlotið 6,5 að meðaltali í öllum prófgreinum og hlotið lágmarkseinkunnina 6,5 í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði í viðskiptaskor og lágmarkseinkunnina 6,5 í hagfræði í hagfræðiskor. Nám í kennslugreinum annars árs skal hefja að hausti. Stúdent í hagfræðiskor skal hafa staðist próf í öllum prófgreinum fyrsta árs, áður en hann hefur nám á öðru ári. Stúdent í viðskiptaskor skal hafa staðist próf í prófgreinum fyrsta árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á öðru ári. Viðskiptaskor ákveður í hvaða prófgreinum fyrsta árs unnt er að þreyta próf samhliða námi í annars árs greinum.

4. gr.

93. gr. orðist svo:

Prófgreinar í síðari hluta náms í viðskiptaskor eru stjórnun, fjármál, markaðsfræði, framleiðsla, aðgerðarannsóknir og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 60 e.

Prófgreinar í síðari hluta náms í hagfræðiskor eru þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun hagfræðiskorar, alls 60 e.

Nám í kennslugreinum þriðja árs skal hefja að hausti og skal stúdent hafa staðist próf í prófgreinum annars árs, sem gilda a.m.k. 24 e, áður en hann hefur nám á þriðja ári. Skorir ákveða í hvaða prófgreinum annars árs sé unnt að þreyta próf samhliða námi í þriðja árs greinum.

5. gr.

94. gr. orðist svo:

Deildin setur reglur um skipan kjörgreina í kjörsvið og vægi þeirra. Eitt kjörsvið í viðskiptafræðum skal vera reikningshalds- og endurskoðunarsvið.

Stúdent velur frjálssar kjörgreinar og er honum heimilt að áskildu samþykki deildar að velja frjálssar kjörgreinar í öðrum deildum eða námsbrautum.

Efni ritgerðar skal valið í samráði við a.m.k. einn fastan kennara deildarinnar. Ritgerð í cand. oecon. námi og B.S. námi vegur 3-6 e. Ritgerð í M.S. námi vegur 15-30 e. Deildin setur nánari reglur um vægi ritgerða, samningu þeirra og skil. Heimilt er að prófa stúdent munnlega um efni ritgerðar og meta frammistöðu hans sem hluta af einkunn fyrir ritgerðina.

Deildinni er heimilt að fengnum tillögum skora að skipuleggja nám fyrir nemendur sem eru skráðir í aðrar deildir Háskóla Íslands.

6. gr.

5. mgr. 95. gr. orðist svo:

Stúdent í námi til cand. oecon. prófs skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í þrjú ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en sex árum eftir skráningu. Stúdent í námi til B.S. prófs eða B.A. prófs skal hafa lokið prófi í fyrri hluta eigi síðar en á því almanaksári, er hann hefur verið skráður í deildina í tvö ár samfleytt, og prófi í síðari hluta eigi síðar en fimm árum eftir skráningu. Deildin getur veitt undanþágu frá þessum tímamörkum ef veikindum eða öðrum vítaleysisástæðum er til að dreifa.

7. gr.

Bókstafslíður c) í 98. gr. orðist svo:

Til M.A. prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði og sagnfræði.

8. gr.

Liður III. í 100. gr. orðist svo:

Að loknu B.A.-prófi má stúdent hefja nám til M.A.-prófs í þeirri grein sem var aðalgrein hans til B.A. prófs. Í einstökum tilvikum kann hann að mega hefja M.A.-nám í grein sem var aukagrein hans til B.A.-prófs. Nánar er kveðið á um þetta í námsskipunarreglum einstakra greina heimspekideildar.

Uppfylli stúdent ekki ofangreind skilyrði skal honum þó heimilt að hefja nám til M.A.-prófs við deildina, hafi hann áður lokið hliðstæðu háskólaprófi og uppfyllt sérstakar viðbótarkröfur sem heimspekideild setur. Deildin getur heimilað stúdent að stunda einstök námskeið er teljast til M.A. náms á því misseri er hann lýkur B.A. námi.

Til M.A.-prófs er krafist minnst 60 e. Ritgerð skal vega minnst 15 e en mest 30 e. Ritgerðarefni velur stúdent í samráði við fastan kennara í grein sinni. Nánari leiðbeiningar um hlutfall námskeiða í greininni af heildarnámi sem og um vægi ritgerða og einstakra námskeiða skal setja í námsskipunarreglum sem heimspekideild samþykkir fyrir hverja námsgrein eða námsbraut.

9. gr.

1. mgr. 106. gr. orðist svo:

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdentu hverju sinni, nema viðkomandi skor ákveði annað.

10. gr.

1. mgr. 122. gr. orðist svo:

Stúdent, sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið samkvæmt nánari reglum, sem deildin setur. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdentu hverju sinni, nema viðkomandi skor ákveði annað.

11. gr.

1. mgr. 118. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Stærðfræðiskor, tölvunarfræðiskor, eðlisfræðiskor, efnafræðiskor, matvælafræðiskor, líffræðiskor og jarð- og landfræðiskor. Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildarrád úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor,

gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I, II, III og IV í XII. kafla, sbr. reglugerð nr. 116/1994 um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, falla niður.

13. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 4. október 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 19. kafla tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987 eru gerðar eftirfarandi breytingar:

A-tollur í tollskrárnúmerum 1904.1001, 1904.1002, 1904.1009, 1904.9001 og 1904.9009 lækkar úr 20% í 7,5%.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tl. 6. gr. sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 9. október 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.